

Nd.

915. Breytingartillaga

[38. mál]

við frv. til iðnaðarlaga.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar samkvæmt iðnfræðslulögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara.

Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að nota megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

Í sveitum, kaптúnум og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.